

# Vatnajökulspjóðgarður

## *áhrif á ferðapjónustu*



**Kápu mynd:** Frá Dettifossi

**Ljósmyndir:** Rögnvaldur Guðmundsson

# Vatnajökulsþjóðgarður

## *áhrif á ferðaþjónustu*



Við Svínafellsjökul í Öræfum

### **Samantekt unnin fyrir Umhverfisiráðuneytið**

**Október 2006**

**Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson**

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar - RRF

Tæknigarði, Dunhaga 5

107 Reykjavík



# Efnisyfirlit

<b>Samantekt</b>	<b>1</b>
<b>1.0 Inngangur</b>	<b>2</b>
1.1 Verkefnið og þjóðgarðssvæðin	2
1.2 Greinargerðin	4
1.3 Kannanir sem stuðst er við	5
<b>2.0 Ferðamenn á Íslandi 2005</b>	<b>5</b>
2.1 Erlendir ferðamenn	5
2.2 Innlendir ferðamenn	6
2.3 Að öllu samanlögðu	7
<b>3.0 Heimsóknir í þjóðgarða Íslands 2005</b>	<b>9</b>
<b>4.0 Ferðamenn innan fyrirhugaðs Vatnajökulspjóðgarðs og á áhrifasvæði hans 2005</b>	<b>10</b>
4.1 Ferðamenn innan þjóðgarðsmarkanna	10
4.2 Ferðamenn og gistinætur á áhrifasvæði þjóðgarðsins	11
<b>5.0 Áhrif Vatnajökulspjóðgarðs 2012</b>	<b>13</b>
5.1 Forsendur	13
5.2 Möguleg áhrif þjóðgarðsins á landsvísu	15
5.3 Möguleg áhrif þjóðgarðsins á áhrifasvæðum hans	16
5.4 Möguleg áhrif innan þjóðgarðsmarka	17
<b>6.0 Vatnajökulspjóðgarður 2020</b>	<b>18</b>



## Samantekt

Gert er ráð fyrir að 15.000 km<sup>2</sup> Vatnajökulsþjóðgarður geti fjölgað ferðamönnum til Íslands um 5-7% árið 2012, umfram það sem annars hefði verið, eða um 30-42 þúsund manns og gistinóttum þeirra um 300-400 þúsund. Samkvæmt því má áætla að þjóðgarðurinn myndi skila 3-4 milljörðum króna í viðbótar gjaldeyrstekjur árið 2012 (á núvirði), um 70% vegna útgjalda ferðamanna innanlands en 30% vegna fargjalda. Auk þess verði viðbótar gjaldeyrstekjur af ferðamönnum á uppbyggingartíma þjóðgarðsins á árunum 2007 til 2012 taldar í milljörðum króna.

Árið 2020 gæti Vatnajökulsþjóðgarður skilað a.m.k. 11 milljörðum í auknum gjaldeyrstekjum af erlendum ferðamönnum.

Áhrifasvæði Vatnajökulsþjóðgarðs spannar annars vegar Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjarsýslur og Múlasýslur (að norðan og austan) en hins vegar Skaftafellssýslur, Rangárvallasýslu og Árnessýslu (að sunnan og vestan). Líkur eru taldar á að Vatnajökulsþjóðgarður muni auka útgjöld erlendra ferðamanna á þessum svæðum um 1.200 milljónir króna á núvirði árið 2012 og útgjöld Íslendinga um 300-350 milljónir.

Kannanir benda til að árið 2005 hafi um 200 þúsund innlendir og erlendir ferðamenn komið á svæðið innan marka væntanlegs Vatnajökulsþjóðgarðs; flestir í Skaftafell og að Jökulsárlóni en síðan að Dettifossi og í Ásbyrgi. Ef af Vatnajökulsþjóðgarði verður má áætla að gestir í þjóðgarðinn verði 300-320 þúsund árið 2012, þar af um 70% erlendir ferðamenn.

Áætlað er að 350 þúsund manns hafi komið á landsvæðin næst þjóðgarðinum árið 2005, þ.e. í Þingeyjarsýslur, Múlasýslur og Skaftafellssýslur, auk Torfajökulssvæðisins og hafi gist þar í um 1,3 milljónir náttu. Ef Eyjafjarðarsýslu, Rangárvallasýslu og Árnessýslu er bætt við er áætlað að alls hafi um 540 þúsund ferðamenn komið á áhrifasvæði fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2005 í mikið fleiri heimsóknum, því margir Íslendingar komu þangað oftsinnis. Kannanir benda til að gistinætur þeirra á svæðinu frá Eyjafirði í Árnessýslu hafi verið alls um 3,6 milljónir (m.a. mikil sumarhúsagisting), rúmlega helmingur af öllum gistinóttum erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi.

-----  
Þjóðgarðar á Íslandi hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, þ.e. Þingvellir, þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Skaftafell. Samkvæmt könnunum má áætla að vel yfir 400 þúsund einstaklingar hafi heimsótt einhvern af þjóðgördunum árið 2005 í yfir 800 þúsund heimsóknum. Þannig fóru að jafnaði 67% af öllum erlendum ferðamönnum árið 2005 í þjóðgarð hér á landi. Þá sýna kannanir RRF jafnframt að 55-60% Íslendinga fóru í einhvern af þjóðgördunum árið 2005, margir oftar en einu sinni.



## 1.0 Inngangur

### 1.1 Verkefnið og þjóðgarðssvæðin



Herðubreið, drottning íslenskra fjalla.

Þessi greinargerð er unnin fyrir Umhverfissráðuneytið til að styðja við störf ráðgjafanefndar um Vatnajökulsþjóðgarð. Starf nefndarinnar tekur mið af skýrslu þingmannanefndar um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls frá árinu 2004. Í tengslum við hana vann undirritaður greinargerð um mat á áhrifum 10.000 km<sup>2</sup> þjóðgarðs norðan Vatnajökuls á ferðapjónustu og þjóðarþjú. Þar sem hálf trettíu ár er liðið frá þeirri samantekt verður sú skýrsla nú endurskoðuð í ljósi þróunar í ferðapjónustu og vegna tillagna um stærri þjóðgarð en miðað var við árið 2004.

Hér verður því fjallað um Vatnajökulsþjóðgarð sem í fyrstu atrennu yrði um 15.000 km<sup>2</sup> að stærð. Þar af er Vatnajökull sjálfur rúmlega 8.000 km<sup>2</sup>. Nefndin gerir að tillögu sinni að þjóðgarðinum verði skipt í fjögur rekstrarsvæði undir sameiginlegri yfirstjórn og að þau verði afmörkuð sem hér greinir.<sup>1</sup>

**1. Norðursvæði** nái yfir þann hluta Vatnajökuls sem er innan stjórnsýslumarka Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar og landsvæðisins norðan jökuls er afmarkast af drögum Skjálfandafljóts að vestan og Jökulsár á Fjöllum að austan. Að norðvestanverðu nái svæðið að landamerkjum Möðrudals og Víðidals en þar fyrir norðan fylgi svæðið Jökulsá á Fjöllum til sjávar, þ.e. núverandi mörkum þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum, en auk þess fylgi spildur beggja vegna árinna. Nyrsti hluti norðursvæðisins er því í sveitarfélaginu Norðurþingi. Stærð svæðisins er 4.185 km<sup>2</sup>

**2. Austursvæði** taki til þess hluta Vatnajökuls sem er innan stjórnsýslumarka Fljótshéraðs og Fljótshrepps. Vestari mörk þess verða við Jökulsá á Fjöllum

<sup>1</sup>. Stærð þjóðgarðsins verður því um 15% af flatarmáli Íslands.



norður að Grímsstöðum þau austari við rætur Þríhyrningsfjallgarðs og Möðrudalsfjallgarðs, en nær jökli nái mörkin austur að framkvæmdasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Áformað er að sá hluti Kringilsárrana sem ekki fer undir Háslón verði innan Þjóðgarðsmarka, stór hluti Vesturöræfa, Snæfell, Eyjabakkar og nyrsti hluti Hrauna. Stærð svæðisins er 3.676 km<sup>2</sup>.

**3. Suðursvæði** nái yfir þann hluta Vatnajökuls sem tilheyrir sveitarfélaginu Hornafirði (Austur-Skaftafellssýslu), friðlandið í Lónsöræfum og vatnasvið Jökulsár á Lóni, Heinabergsfjöll, upplönd jarðanna Flateyjar á Mýrum og Sandfells í Öräfum, núverandi Skaftafellspjódgarð og vatnasvið Skeiðarár til sjávar. Stærð svæðisins er 4.164 km<sup>2</sup>.

**4. Vestursvæði** taki til þess hluta Vatnajökuls sem tilheyrir Skaftárhreppi, Ásahreppi og hluta af svæði Þingeyjarsveitar í jöklinum. Þá nái svæðið yfir friðlandið í Lakagígum og hálendissvæðið milli Tungnaár og Köldukvíslar vestan jökuls, upp með jadrí hans norður yfir Vonarskarð og að Fjórðungsöldu norðan Tungnafellsjökuls. Stærð svæðisins er um 3.191 km<sup>2</sup>.

Í tengslum við stofnun Vatnajökulspjódgarðs leggur nefndin til umtalsverða uppbyggingu á þjónustu fyrir ferðamenn, bæði í nágrenni Þjóðgarðsins og innan hans til að tryggja sem jákvæðust áhrif á ferðþjónustu og eflingu byggðar í nágrenninu. Þannig leggur nefndin til uppbyggingu á gestamiðstöðvum og upplýsingamiðstöðvum í byggð og sýningum þeim tengdum, landvörslustöðvum, gerð fræsðluskilta, auknar merkingar gönguleiða og smíði göngubrúa á vatnsföllum.

Þannig er gert ráð fyrir alls sex gestamiðstöðvum fyrir Þjóðgarðinn á eftirtöldum stöðum:

- Ásbyrgi, Mývatnssveit, Skriðuklaustri, Höfn, Skaftafelli og Kirkjubæjarklaustri.



Skriðuklaustur í Fljótisdal. Þar er lagt til að verði ein af gestamiðstöðvum Vatnajökulspjódgarðs.

<sup>2</sup>. Nánari útskýringar á mörkum einstakra rekstrarsvæða eru í megin skýrslu ráðgjafanefndarinnar.

Jafnframt eru settar fram tillögur um sjö upplýsingamiðstöðvar við jaðar þjóðgarðsins sem hér greinir:

- Í Svartárkoti eða Bárðarbúð, við Suðurárbotna, á Grímsstöðum, í Möðrudal, á Aðalbóli, Hoffelli og á Hala eða við Skálafell.

Landvörslustöðvar verði ellefu talsins, í stað fjögurra nú, á eftirtöldum stöðum:

- Við Herðubreiðarlindir, Drekgili við Öskju, Kverkfjöllum, Hvannalindum, við Snæfell, í Lóni, á Heinabergssvæðinu, í Laka, í Hrauneyjum, við Nýjadal og í Vonarskarði.

Áætlaður kostnaður við þessa uppbyggingu á þjónustuneti þjóðgarðsins fyrstu fimm árin, 2007-2012, er áætlaður 1.150 milljónir króna á núvirði og rekstrarkostnaður um 325 milljónir á ári.

Þá telur nefndin brýnt að tryggja lagfæringar á helstu vegum innan þjóðgarðsins. Nefndin leggur jafnframt til að vegir að Jökulheimum og að Brúarjökli verði heilsárs þjóðvegir og verði settir á vegaáætlun til að tryggja aðgengi að jöklinum allan ársins hring.



Hrauneyjar við Sprengisandsleið. Þar er lagt til að verði ein af landvörslustöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs.

## 1.2 Greinargerðin

Í þessari greinargerð er helsta áhrifasvæði fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs skilgreint sem Þingeyjarsýslur, Múlasýslur, Austur-Skaftafellssýsla og Vestur-Skaftafellssýsla að meðtölum hálendissvæðum þeirra og auk þess Torfajökulssvæðið. Þá er Eyjafjarðarsýsla einnig á áhrifasvæði þjóðgarðsins að norðanverðu og Rangárvallasýsla (nema Torfajökulssvæðið) og Árnassýsla að vestanverðu. Með áhrifasvæði er átt við að ferðamenn og íbúar í áðurnefndum sýslum geti með góðu móti notið náttúrufrábæra, útivistar, skipulagðrar afþreyingar og þjónustu innan þjóðgarðsmarkanna í dagsferðum.

3

<sup>3</sup>. Ef góður vegur verður lagður inn í Jökulheima, eins og ráðgjafanefndin leggur til, verður jafnframt vel mögulegt að fara þar á jökul í dagsferð frá höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Er svo gert í einhverju mæli nú þegar. Þar verður þó alltaf um drjúgan akstur að ræða.

Þeim áætlunum og spám sem hér eru settar fram ber að taka með fyrirvara þar sem þær byggja á tilteknum forsendum. Einungis tíminn getur leitt í ljós hver niðurstaðan verður.

### 1.3 Kannanir sem stuðst er við



Ferðamenn í Skaftafelli, gestamiðstöðin í bakgrunni.

Til að meta fjölda innlendra og erlendra ferðamanna innan fyrirhugaðra marka Vatnajökulsþjóðgarðs og á áhrifasvæði hans árið 2006 er stuðst við kannanir RRF meðal erlendra og innlendra ferðamanna. Annars vegar er um að ræða könnun RRF, *Dear Visitors*, sem framkvæmd hefur verið allan ársins hring frá janúar 2004 meðal erlendra brottfararfarþega í Leifsstöð og á sumrin meðal erlendra farþega með ferjunni Norrönu. Alls um 6200 svör árið 2005. Hins vegar er stuðst við símakönnunina *Góðir Íslendingar 2005*, þar sem spurt var um ferðir Íslendinga innanlands árið 2005. 1200 manna úrtak og svörun um 70%.

Í báðum þessum könnunum var spurt um komur og gistingar fólks eftir landshlutum og sýslum landsins og auk þess um heimsóknir þeirra á fjölmarga staði á landinu (þéttbýlisstaði, þjóðgarða og ýmsa aðra ferðamanna-staði).



Við Kirkjubæjarklaustur, en þar verður ein af gestamiðstöðvum Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þá er stuðst við tölur Ferðamálastofu um fjölda ferðamanna til landsins, en þær eru afar mikilvægur grunnur til að meta megi fjölda ferðamanna á svæði og staði.



## 2.0 Ferðamenn á Íslandi 2005

### 2.1 Erlendir ferðamenn



Hvalaskoðun frá Húsavík. Um 80 þúsund erlendir ferðamenn fóru í hvalaskoðun á Íslandi árið 2005.

Árið 2005 komu um 430 þúsund erlendir ferðamenn til Íslands; 360 þúsund (84%) með flugi, 60 þúsund (14%) með skemmtiferðaskipum og um 10 þúsund (2%) með ferjunni Norrönu til Seyðisfjarðar.<sup>4</sup> Voru gjaldeyristekjur af þeim, samkvæmt tölum Seðlabankans, um 40 milljarðar króna eða um 12% af gjaldeyristekjum Íslendinga.<sup>5</sup> Þar af voru um 26 milljarðar (65%) vegna útgjalda ferðamanna innanlands en 14 milljarðar (35%) vegna fargjalda.

Samkvæmt könnunum gistu þeir 185 þúsund erlendu ferðamenn sem komu til Íslands sumarið 2005 að jafnaði 10 nætur hér á landi. Ámóta margir ferðamenn komu á öðrum tímum ársins og gistu hér tæplega 5 nætur að jafnaði. Þannig má áætla að erlendir ferðamenn hafi dvalið í 2,7-2,8 milljónir náttu hérlendis árið 2005; um 1.850 þúsund nætur yfir sumarmánuðina þrjá en um 900 þúsund nætur á öðrum tímum

ársins. Miðað við 26 milljarða útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2005 voru meðalútgjöld þeirra um 9.500 þúsund krónur á hverja gistinótt.<sup>6</sup>

Flest bendir til þess að ferðamönnum til Íslands muni halda áfram að fjölga að jafnaði um 6-8% á ári svo langt sem séð verður, komi ekkert óvænt uppá.<sup>7</sup> Mikil aukning í framboði

<sup>4</sup> Í opinberum tölum eru gestir með skemmtiferðaskipum oftast nefndir utan við fjölda erlendra ferðamanna sem hingað leggja leið sína með flugi eða ferju. Ástæðan er sú að þessir ferðamenn gista í flestum tilvikum um borð í skipunum og eyða í þeim skilningi ekki gistinótt á Íslandi. Hér eru ferðamenn með skemmtiferðaskipum hins vegar meðtaldir þar sem þeir eru ótvírætt meðal ferðamanna á Íslandi og skila talsverðum og vaxandi tekjum inn í þjóðarbúið.

<sup>5</sup> Árið 2006 stefnir í 12-15% aukningu gjaldeyristekna af erlendum ferðamönnum miðað við árið 2005 og að þær verði a.m.k. 45 milljarðar króna, þar af um 30 milljarðar vegna útgjalda á Íslandi.

<sup>6</sup> Ástæðan fyrir hlutfallslegum samdrætti í útgjöldum ferðamanna árið 2005 miðað við árið 2003 (sjá fyrri skýrslu RRF fyrir Umhverfissráðuneytið, apríl 2004) er einkum styrking krónunnar á þessu árabili. Í því sambandi má nefna að 10. júlí árið 2003 var Bandaríkadollar skráður á 77 krónur, Evran á 108 krónur og breskt pund á 127 krónur. Tveimur árum síðar, í júlí 2005, var gegni dollars hins vegar 65 krónur, Evru 79 krónur og pund 115 krónur.

<sup>7</sup> Nýjustu upplýsingar frá Ferðamálastofu sýna að erlendum flugfarþegum til landsins fjölgaði um 7,2% á fyrstu níu mánuðum þessa árs (2006) miðað við sömu mánuði í fyrra.

á flugsætum til Íslands á síðastliðnum 2-3 árum rennir enn frekari stoðum undir þá þróun. Munar þar mestu um Iceland Express en einnig áætlunarflug SAS frá Osló og British Airways frá London Gatwick. Þá hafa verið teknar ákvarðanir um enn aukid sætaframboð til Íslands árið árið 2007, bæði hjá Iceland Express og Icelandair.

Samkvæmt því má áætla að flug- og ferjufarþegar til landsins árið 2012 verði 570-630 þúsund, auk 80-100 þúsund farþega með skemmtiferðaskipum. Þetta þýðir að erlendir ferðamenn sem leggja leið sína til Íslands árið 2012, þegar fyrsta áfanga í uppbyggingu þjóðgarðs norðan Vatnajökuls lýkur, verða um 60% fleiri en þeir voru árið 2005. Gjaldeyrstekjur Íslendinga af ferðamönnum árið 2012 gætu þá verið 60-70 milljarðar króna á núvirði, 42-48 milljarðar vegna útgjalda innanlands og 18-22 milljarðar vegna fargjalda. Að teknu tilliti til allra margfeldisáhrifa gæti velta af útgjöldum þeirra á Íslandi skilað 170-190 milljarða króna umsvifum í þjóðarbúið (fargjöld ekki meðtalin).<sup>8</sup>

## 2.2 Innlendir ferðamenn

Kannanir RRF benda til að nálægt 85% Íslendinga hafi að jafnaði dvalið 15-18 nætur á ferðalögum innanlands árið 2005, alls 4,0 til 4,6 milljónir gistinátta (orlof, heimsóknir, vinna, íþróttir o.s.frv.). Eru þá öll form gistingar meðtalin, s.s. gisting hjá vinum og kunningjum, í eigin sumarhúsum eða orlofshúsum stéttarféлага. <sup>9</sup> Hér verður miðað við að gistinætur Íslendinga á ferðum innanlands hafi alls verið um 4,2 milljónir árið 2005.

Kannanir benda til stöðugrar aukningar í gistingum Íslendinga á ferðalögum innanlands hin síðari ár. Munar þar mestu um mikla fjölgun sumarhúsa og lengri meðaldvöl fólks í þeim. Þannig benda kannanir RRF til að rúmlega fjórðungur af gistinóttum Íslendinga hafi verið í eigin sumarhúsi árið 2005, allt að 1,2 milljónir náttu. <sup>10</sup> Sömuleiðis hefur stóraukin jeppa-, húsbíla- og fellihýsaeign talsvert að segja sem og vegabætur.

<sup>8</sup>. Í samantekt Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands fyrir Samgönguráðuneytið er áætlað að 23 milljarða króna útgjöld erlendra ferðamanna á Íslandi árið 2002 (fargjöld ekki meðtalin) hafi skilað um 92 milljarða króna heildarumsvifum í íslenskt þjóðarþú. Samkvæmt þessum niðurstöðum má fjórfalda bein útgjöld erlendra ferðamanna hér á landi til að áætla heildaráhrif þeirra í hagkerfinu.

Heimild: „ Flug og ferðþjónusta á Íslandi: Umfjöllum í tilefni af beiðni Ryanair um lækkan gjalda á Keflavíkurlugvelli “, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2003.

<sup>9</sup>. Í könnun Hagstofunnar, „Ferðavenjur Íslendinga 1996“, voru gistinætur Íslendinga 0-74 ára á ferðum innanlands það ár áætlaðar um 3,3 milljónir talsins. Þar voru ekki meðtaldar gistinætur fólks eldra en 74 ára. Þannig má lauslega áætla að gistinætur allra Íslendinga á ferðum innanlands hafi verið nálægt 3,5 milljónum árið 1996.

Hin hefðbundna gistináttatalning Hagstofunnar nær hins vegar ekki yfir nema brot af öllum gistinóttum Íslendinga á ferð um landið, m.a. sökum þess hve stór hluti þeirra er í eigin sumarhúsum eða hjá vinum og kunningjum.

<sup>10</sup>. Þannig gistu um fjórðungur af þátttakendum í símakönnun RRF í 2003 að jafnaði í 20 nætur í sumarhúsi í einkaeigu árið 2005. Því má draga þá ályktun að meginaukning í fjölgun gistinátta Íslendinga innanlands frá 2003 til 2005, úr 4 milljónum í 4,2 milljónir, sé að miklu leyti tilkomin vegna aukinnar gistingar í sumarhúsum í einkaeigu.

Kannanir RRF benda einnig til þess að meðalútgjöld Íslendinga á ferðum innanlands séu nú að jafnaði a.m.k 4 þúsund krónur á mann á gistinótt, eða alls 16-18 milljarðar árið 2005.<sup>11</sup> Þess utan námu heildarútgjöld Íslendinga í dagsferðum utan hversdagsumhverfis líklega a.m.k. 3-4 milljörðum króna á síðastliðnu ári.

Ef miðað er við að Íslendingum fjölgi um 6% fram til 2012 og gistinóttum þeirra sem því nemur, sem er varlega áætlað, verða þær orðnar 4,4-4,5 milljónir á því ári. Gætu þó vel orðið talsvert fleiri, haldi ferðalög Íslendinga innanlands áfram að aukast sem margt bendir til. Hér verður miðað við að gistinætur Íslendinga innanlands verði 4,5 milljónir árið 2012. Heildarútgjöld Íslendinga á ferðum innanlands árið 2012 verða samkvæmt því 16-20 milljarðar króna að núvirði.

## 2.3 Að öllu samanlögðu

Alls eru gistinætur erlendra og innlendra ferðamanna á Íslandi áætlaðar 6,9 milljónir árið 2005 og bein útgjöld þeirra á ferðalögum innanlands 45-48 milljarðar, séu dagsferðir Íslendinga meðtaldar.



Ferðamenn í Ásbyrgi. Þar er nú að rísa gestamiðstöð sem mun þjóna Vatnajökulspjóðgarði.

<sup>11</sup>. *Dagleg útgjöld Íslendinga geta verið mjög breytileg. T.d. mun lægri en meðaltalið (4.000 kr á mann á dag) meðal fólks í eigin sumarhúsum en oft um tvöfalt hærra meðal fólks sem kaupir gistingu og er mikið á ferðinni.*



### 3.0 Heimsóknir í Þjóðgarða Íslands 2005

Þjóðgarðarnir á Íslandi hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, þ.e Þingvellir, þjóðgarðurinn Snæfellsjökull, þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum og Skaftafell.

Þannig fóru, samkvæmt könnunum RRF, 83% erlendra sumarferðamanna (júní-ágúst) 2005 í einvern af þjóðgördunum og um 54% af ferðamönnum utan sumartíma. Það þýðir að 67% af öllum ferðamönnum sem komu til landsins fóru í þjóðgarð og margir í fleiri en einn. Þá má áætla að 55-60% Íslendinga hafi komið í einhvern af þjóðgördunum árið 2005.

Samkvæmt könnunum RRF má áætla að heimsóknir í þjóðgarðana hafi alls verið um 840 þúsund talsins árið 2005. Þar bera Þingvellir höfuð og herðar yfir aðra þjóðgarða með 480 þúsund heimsóknir. Næsta tafla sýnir þetta betur.<sup>12</sup>

1. tafla **Áætlanir um fjölda heimsóknir ferðamanna í þjóðgarða Íslands árið 2005**

þúsund manns	Íslendingar	Útlendingar	ALLS
Þingvellir	240	240	480
Snæfellsjökull	58	40	98
Jökulsárgljúfur	40	78	118
Skaftafell	55	90	145
<b>ALLS</b>	<b>393</b>	<b>448</b>	<b>841</b>

Miðað við þessa miklu aðsókn að núverandi þjóðgördum er engum vafa undirorpið að stór og vel skipulagður Vatnajökulsþjóðgarður yrði mikil lyftistöng fyrir ferðapjónustu á Íslandi og sérstaklega nærliggjandi svæði.



Síðsumarkvöld á veiðislóð við Þingvallavatn.

<sup>12</sup>. Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um áætlaðar heimsóknir að ræða en ekki fjölda einstaklinga sem lögðu leið sína í þjóðgarðana. Á þetta nær eingöngu við um Íslendinga, en allmargir þeirra heimsækja sama þjóðgarðinn oftar en einu sinni á ári. Svo er t.d. um marga Reykvíkinga hvað varðar Þingvelli eða Akureyringa hvað varðar þjóðgarðinn í Jökulsárgljúfrum. Sem dæmi má nefna að áætlað er, út frá könnunum RRF, að um 110 þúsund Íslendingar hafi lagt leið sína á Þingvöll að jafnaði í 2,2 skipti hver, eða alls í um 240 þúsund heimsóknum árið 2005 (sbr. töflu)

## 4.0 Ferðamenn innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs og á áhrifasvæði hans 2005

### 4.1 Ferðamenn innan þjóðgarðsmarkanna

Samkvæmt könnunum RRF má lauslega áætla að árið 2005 hafi rúmlega 200 þúsund ferðamenn komið inn á svæði fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs í mun fleiri heim-sóknum, þar sem allstór hluti Íslendinga fór þar um oftar en einu sinni.

Áætlað er að rúmlega 150 þúsund þeirra hafi komið á suðursvæðið (76%), um 120 þúsund á norðursvæðið (59%), 27 þúsund á austursvæðið (13%) og 21 þúsund manns á vestursvæði væntanlegs Vatnajökulsþjóðgarðs (12%).<sup>13</sup> Um 60% þeirra sem komu inn á þjóðgarðssvæðið voru erlendir ferðamenn en um 40% Íslendingar.<sup>14</sup>

2. tafla **Áætlaður fjöldi ferðamanna á stöðum og rekstrarsvæðum innan fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2005**

þúsund manns	ÍSLENDINGAR	ÚTLENDINGAR	ALLS
<b>Norðursvæði</b>	<b>38</b>	<b>81</b>	<b>119</b>
Dettifoss	20	73	93
Ásbyrgi	30	44	74
Askja	8	16	24
<b>Austursvæði</b>	<b>17</b>	<b>10</b>	<b>27</b>
Kverkfjöll	6	6	12
Snæfellssvæðið	14	7	21
<b>Suðursvæði</b>	<b>48</b>	<b>105</b>	<b>153</b>
Jökulsárlón	40	89	129
Skaftafell	33	90	123
<b>Vestursvæði</b>	<b>12</b>	<b>12</b>	<b>24</b>
Lakagígar	6	10	16
Vestan jökuls	8	3	11
<b>ALLS</b>	<b>78</b>	<b>124</b>	<b>202</b>

<sup>13</sup>. Hér eru ferðamenn að Kárahnjúkum ekki meðtaldir sem gestir á fyrirhuguðu austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, enda verður virkjunarsvæðið ekki innan hans. Samkvæmt könnun RRF komu 8,5% Íslendinga að Kárahnjúkum árið 2005, eða um 22-24 þúsund manns. Samkvæmt fyrri könnunum RRF má áætla að um 60% þeirra hafa einnig skoðað sig um á Snæfellssvæðinu, innan fyrirhugaðs þjóðgarðs, eða um 13-14 þúsund manns.

Ferðamenn sem komu inn á svæðið vestan Vatnajökuls eru lauslega áætlaðir. Samkvæmt rannsóknunum RRF má áætla að um 30 þúsund manns hafi farið um Sprengisand árið 2005. Hér er gert ráð fyrir að 35-40% þeirra hafi farið inn á svæði vestan jökuls sem lagt er til að falli undir Vatnajökulsþjóðgarð.

<sup>14</sup>. Það vegur nokkuð á móti að hluti Íslendinga kom þangað oftar en einu sinni. Heimsóknir þeirra á svæðið innan fyrirhugaðs þjóðgarðs voru því mjög líklega yfir 100 þúsund talsins árið 2005.

## 4.2 Ferðamenn og gistinætur á áhrifasvæði þjóðgarðsins

Samkvæmt könnunum RRF má lauslega áætla að árið 2005 hafi um 350 þúsund ferðamenn komið á helstu áhrifasvæði Vatnajökulshjóðgarðs, þ.e. í Þingeyjarsýslur, Múlasýslur, Skaftafellssýslur og á hálendissvæði þeirra (austanvert hálendið), auk Torfajökulssvæðisins; lítið eitt fleiri útlendingar en Íslendingar. Þegar allt er talið er þó ljóst að Íslendingar hafa komið þangað í mun fleiri heimsóknum árið 2005 en erlendir ferðamenn, enda margir sem fóru þar um oftari en einu sinni á liðnu ári.

Ef Eyjafjarðarsýsla, Rangárvallasýsla og Árnessýsla er bætt inn á áhrifasvæði Vatnajökulshjóðgarðs, því þaðan verður auðveldlega hægt að fara í dagsferðum inn í þjóðgarðinn, má áætla að nær 540 þúsund ferðamenn hafi komið inn á áhrifasvæði væntanlegs Vatnasjökulshjóðgarðs árið 2005; talsvert fleiri erlendir ferðamenn en Íslendingar.<sup>15</sup>

**3. tafla**                    **Áætlaður fjöldi ferðamanna á áhrifasvæðum fyrirhugaðs Vatnajökulshjóðgarðs árið 2005**

<i>þúsund manns</i>	<b>ÍSLENDINGAR</b>	<b>ÚTLENDINGAR</b>	<b>ALLS</b>
Þingeyjarsýslur	92	107	199
Múlasýslur	60	86	146
Austur-Skaftafellssýsla	71	105	176
Vestur-Skaftafellssýsla	90	140	230
Torfajökulssvæðið	30	70	100
<b>Alls svæðin 5</b>	<b>170</b>	<b>180</b>	<b>350</b>
Eyjafjarðarsýsla	146	109	155
Árnes- og Rangárvallasýsla	205	294	299
<b>Alls svæðin 7</b>	<b>230</b>	<b>308</b>	<b>538</b>



Við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi.

<sup>15</sup>. Hér verður enn að hafa í huga að heimsóknir Íslendinga á svæðin sjö eru mikið fleiri en erlendra ferðamanna sökum þess hve oft þeir koma. Á það einkum við sumarhúsaeigendur í Árnessýslu og Rangárvallasýslu.

Samkvæmt könnunum RRF má lauslega áætla að árið 2005 hafi ferðamenn gist nær 1,3 milljónir gistinátta á helstu áhrifasvæðum Vatnajökulsþjóðgarðs, þ.e. í Þingeyjarsýslum, Múlasýslum, Skaftafellssýslum og á Torfajökulssvæðinu.<sup>16 17</sup> Er jafnframt áætlað að gistinætur Íslendinga á þessum svæðum hafi verið ívið fleiri (52%) en meðal erlendra ferðamanna (48%).

Ef Eyjafjarðarsýsla, Rangárvallasýsla (án Torfajökulssvæðisins) og Árnessýsla er meðtaldar má hins vegar áætla að gistinæturnar á væntanlegu áhrifasvæði þjóðgarðsins hafi alls verið nálægt 3,6 milljónum á síðastliðnu ári; eða ríflega helmingur allra gistinátta ferðamanna á Íslandi.<sup>18</sup> Jafnframt er áætlað að rúmlega tveir þriðju þessara gistinátta verði meðal Íslendinga (68%) en tæplega einn þriðji (32%) meðal erlendra ferðamanna. Þetta aukna hlutfall af gistinóttum landsmanna í þessu tilviki stafar af því að bæði Eyjafjarðarsvæðið (einkum Akureyri) og Suðurlandsundirlendið (sumarhús og tjaldsvæði) eru vinsælustu ferðamannasvæðin meðal Íslendinga, auk Borgarfjarðar sem liggur utan umræðunnar hér.

Niðurstaðan er jafnframt sú að á þessum sjö svæðum (sjá 4. töflu) hafi meirihluti gistinga Íslendinga árið 2005 átt sér stað (58%) en verulegur minnihluti af gistinóttum erlendra ferðamanna (42%).<sup>19</sup>

#### 4. tafla Áætlaður fjöldi gistinátta ferðamanna á áhrifasvæðum fyrirhugaðs Vatnajökulsþjóðgarðs árið 2005<sup>20</sup>

<i>Þúsund nætur</i>	ÍSLENDINGAR	ÚTLENDINGAR	ALLS
Þingeyjarsýslur	195	203	398
Múlasýslur	235	109	344
Austur-Skaftafellssýsla	102	125	227
Vestur-Skaftafellssýsla	97	114	211
Torfajökulssvæðið	30	60	90
<b>Alls svæðin 5</b>	<b>659</b>	<b>611</b>	<b>1.270</b>
Eyjafjarðarsýsla	560	144	704
Árnes- og Rangárvallasýsla	1.240	430	1.670
<b>Alls svæðin 7</b>	<b>2.459</b>	<b>1.185</b>	<b>3.644</b>

<sup>16.</sup> Það skal ítrekað að hér eru allar tegundir gistingar meðtaldar, s.s. hjá vinum, á víðavangi (tjöld, húsbílar, fellihýsi), í sumarhúsum, á tjaldsvæðum, jafnt sem í dýrari gistingu.

<sup>17.</sup> Þar af hafi gistinætur á hálendi Þingeyjarsýslna, Múlasýslna og Skaftafellssýslna verið 55-60 þúsund árið 2005.

<sup>18.</sup> Hér er gisting á Þórsmerkursvæðinu einnig meðtalin.

<sup>19.</sup> Þessi munur skýrist einkum af því að nær 40% af gistinóttum erlendra ferðamanna eru þéttbýlinu á suðvesturhorninu, einkum í Reykjavík en nær helmingi lægra hlutfall af gistinóttum Íslendinga á ferð innanlands (íbúar á landsbyggðinni).

## 5.0 Áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs 2012



Við Víti í Öskju.

### 5.1 Forsendur

Það er ekki einfalt að áætla áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á fjölda ferðamanna og tekjur af þeim fyrir íslenskt þjóðarþú fram til ársins 2012, þegar gert er ráð fyrir að uppbyggingu fyrsta áfanga hans verði lokið.

Hægt væri t.d. að setja upp þrenns konar spá: svartsýna, miðlungs eða bjartsýna en það verður ekki gert hér. Sú spá sem hér er sett fram gengur hins vegar út frá því að myndarlega verði staðið að málum og má því e.t.v. kalla hana fremur bjartsýna. Það styður þann framgangsmáta að umhverfismál eru komin á dagskrá og ákveðin hugarfarsbreyting er merkjanleg, bæði meðal almennings og stjórnálamanna. Það á síðan eftir að koma í ljós hvort sú breyting er varanleg, en margt bendir til að svo sé. Náttúruauðlindir Íslands eru ekki ótakmarkaðar og þær þarf að nýta af skynsemi. Á það ekki síst við um virkjun vatnsfallanna. Það er jafnframt alveg ljóst að ferðaþjónustan byggir afkomu sína að miklu leyti á náttúru landsins og lítt snortnum óbyggðum. Ástæðan fyrir nokkru meiri bjartsýni nú um fjölgun ferðamanna vegna þjóðgarðs en árið 2004 er einnig sú staðreynd að nú er verið að meta Vatnajökulsþjóðgarð allan en ekki einvörðungu þjóðgarð norðan Vatnajökuls. Með stærri þjóðgarði aukast margfeldisáhrifin, ekki síst þar sem við bætast öflug og vaxandi ferðaþjónustusvæði í Skaftafellsýslum með fjölsóttum þjóðgarði í Skaftafelli, verndarsvæðum og öðrum náttúruperlum og jafnframt nýlegum og metnaðarfullum setrum og söfnum sem draga að ferðamenn.



Þó margir séu þess fýsandi að Vatnajökusþjóðgarður verði enn stærri strax við stofnun og taki til mestalls hálendis Skaftárhrepps, Ódáðahrauns, drjúgs hluta helstu heiða á Austurlandi og fleiri svæða þá er með þessum tillögum um Vatnajökulsþjóðgarð verið að stíga markvert skref.

Í forsendum fyrir áætlunum um fjölgun ferðamanna til 2012 vegna Vatnajökulsþjóðgarðs, sem stofnaður yrði árið 2007, er m.a. gengið út frá eftirtöldu:

- Myndarlega verði staðið að uppbyggingu og rekstri Vatnajökulsþjóðgarðs, í samræmi við tillögur ráðgjafanefndar (gestastofur, landvörslustöðvar og upplýsingamiðstöðvar, göngubrýr, gönguleiðir, merkingar og kynningarefni).
- Komið verði upp neti góðra gönguskála (áfangaselja) og gönguleiða á öllu þjóðgarðssvæðinu og á nálægum hálendissvæðum – miðað við mismikinn fjölda fólks. Skipuleggja þær m.t.t. burðarþols.
- Hugað verði að gistingu á nokkrum stöðum á hálendi þjóðgarðsins þar sem fólk á þess kost að vera meira útaf fyrir sig. Vaxandi þörf er á slíku.
- Öflug og fjölbreytt fræðsla verði í boði fyrir ferðamenn á öllum aldri og á ýmsum tungumálum. M.a. verði sögu og menningu innan þjóðgarðsmarka og aðliggjandi svæða gerð góð skil. Með því má höfða til breiðari hóps.
- Stuðlað verði að sterkri ímynd þjóðgarðsins. Þannig verði hannað sérstakt merki Vatnajökulsþjóðgarðs sem eins öflugasta aðdráttarafls fyrir ferðamenn á Íslandi, útlit bygginga verði samræmt að hluta o.s.frv.
- Markaðssetning þjóðgarðsins verði öflug og markviss. Unnin verði markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð þar sem aðrir þjóðgarðar landsins yrðu jafnframt kynntir.
- Komið verði upp náttúruvænum hálendishliðum við innkomuleiðir í Vatnajökulsþjóðgarð á hálendinu.
- Gott samstarf við heimamenn verði haft að leiðarljósi og að þeir taki mikinn þátt í rekstri þjóðgarðsins, landvörslu og annarri umsýslu.
- Stuðlað verði að lengingu ferðamannatímans. Afar mikilvægt til að auka nýtingu mannvirkja. Sérstakt átak verði gert til að laða ferðamenn í þjóðgarðinn á jaðartímum að vori og hausti. Meiri áhersla að vetrarlagi á þann hluta þjóðgarðsins sem er næst byggð, þ.e. sunnan jökuls og við norðurhluta Jökulsár á Fjöllum og nágrenni, þ.m.t. Mývatnssvæðið.
- Nýr vegur að Dettifossi (framkvæmdir hafnar).
- Bæta vegi samkvæmt tillögum ráðgjafanefndar, m.a. í Öskju og í Kverkfjöll, að Laka, að Brúarárjökli og í Jökulheima (liggi sem mest í landinu).
- Fljótlega verði lögð drög að frekari stækkun þjóðgarðsins og síðan tengingu hans við friðland að Fjallabaki og svæðið umhverfis Mýrdalsjökul. Með slíkri tengingu er líklegt að ferðamenn sem koma á Torfajökulssvæðið fengju sterkan hvata til að fara einnig um Vatnajökulsþjóðgarð. Varðandi stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs er Langasjávarsvæðið efst á blaði, enda að margra dómi einstakt svæði á heimsvísu.



## 5.2 Möguleg áhrif þjóðgarðsins á landsvísu

Ef áður nefndar forsendur rætast að mestu er því spáð að fjölgun ferðamanna til Íslands muni að þremur árum liðnum frá stofnun hans, þ.e. árið 2010, hafa aukist um 1-1,3% að jafnaði vegna Vatnajökulsþjóðgarðs til viðbótar því sem annars hefði orðið. Ferðamönnum muni þá að jafnaði fjölga um 8-8,3% á ári en ekki 7% eins og líklegt er að geti orðið að öðrum kosti. Gert er ráð fyrir að aukningin verði minni fyrstu þrjú árin; 0,2-0,4% árið 2007, 0,5-0,8% árið 2008 og 0,8-1,1% árið 2009.

Þetta þýðir að án Vatnajökulsþjóðgarðs verða erlendir ferðamenn sem koma til Íslands með flugi og ferju alls 594 þúsund árið 2012 en hins vegar 625 til 637 þúsund með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs, eða 5-7% fleiri. Miðað við það gætu gjaldeyrstekjur af ferðamönnum orðið 3,1 til 4,2 milljörðum króna hærra árið 2012 en annars hefði orðið. Má gera ráð fyrir að um 70% af þeirri upphæð kæmi vegna útgjalda innanlands en 30% vegna fargjalda.

Þá yrði það rós í hnappagat Vatnajökulsþjóðgarðs og gæti stuðlað að frekari fjölgun ferðamanna ef hann kæmist á heimsminjaskrá UNESCO. Mikilvægt er að láta á það reyna. Líklegt má telja að með frekari stækkun þjóðgarðsins yrðu þeir möguleikar meiri.



Útsýni til Vatnajökuls frá Höfn í Hornafirði.



Í Lóni.

### 5.3 Möguleg áhrif þjóðgarðsins á áhrifasvæðum hans

Í töflunum hér á eftir eru sett fram dæmi um möguleg áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á gistinætur og útgjöld ferðamanna á áhrifasvæði hans. Annars vegar á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur (vegna norðursvæðis og austursvæðis þjóðgarðs) og hins vegar frá Austur-Skaftafellssýslu í Árnes- og Rangárvallasýslum (vegna suðursvæðis og vestursvæðis þjóðgarðs). Hálandi þessara sýslna eru meðtalin.

Eftirfarandi forsendur eru gefnar hvað Íslendinga varðar:

- Með Vatnajökulsþjóðgarði fjölgar gistinóttum Íslendinga á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur um 10% frá árinu 2005 til 2012, annars um 7%.
- Með þjóðgarði fjölgar gistinóttum Íslendinga í Skaftafellssýslum, Árnes- og Rangárvallasýslum að jafnaði um 15% fram til 2012, annars um 11%.<sup>21</sup>
- Hver gistinótt Íslendinga er metin á 4.500 krónur á Norður- og Austurlandi en 3.500 þúsund krónur á Suðurlandi (mikil sumarhúsagisting).

**3. tafla** Möguleg áhrif Vatnajökulsþjóðgarðs á gistinætur og útgjöld Íslendinga á áhrifasvæðum hans árið 2012

	<b>Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur</b>	<b>Skaftafells- sýslur, Árnes- og Rangárvalla- sýslur</b>	<b>Samtals</b>
<b>Áætlaðar gistinætur</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>
2005	990	1.470	2.460
2012 þjóðgarður	1.090	1.690	2.780
2012 ekki þjóðgarður	1.060	1.632	2.692
Viðbót vegna þjóðgarðs	30	58	88
<b>Áætluð útgjöld</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>
2005	4.455	5.145	9.600
2012 þjóðgarður	4.905	5.915	10.820
2012 ekki þjóðgarður	4.770	5.712	10.482
Viðbót vegna þjóðgarðs	135	203	338

Samkvæmt þessu aukast útgjöld innlendra ferðamanna á áhrifasvæði þjóðgarðsins um nær 340 milljónir með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs þegar miðað er við árið 2012, þ.e. um 3,2% umfram það sem annars hefði verið.

Eftirfarandi forsendur eru gefnar hvað erlenda ferðamenn varðar:

- Með Vatnajökulsþjóðgarði fjölgar gistinóttum þeirra á svæðinu frá Eyjafirði í Múlasýslur um 45% fram til 2012, annars um 30%.

<sup>21</sup>. Gert er ráð fyrir að gistinóttum Íslendinga fjölgi mun meira en þetta í Skaftafellssýslum með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs en minna í Rangárvallasýslu og Árnessýslu þar sem fjarlægð frá þjóðgarðinum er meiri.

- Með þjóðgarði fjölga gistinóttum erlendra ferðamanna í Skaftafellssýslum, Árnes -og Rangárvallasýslum um 57% til 2012, annars um 45%.
- Hver gistinótt erlendra ferðamanna er metin á 7.500 krónur.<sup>22</sup>

#### 4. tafla Möguleg áhrif Vatnajökulspjóðgarðs á gistinætur og útgjöld erlendra ferðamanna á áhrifasvæðum hans árið 2012

	<b>Eyjafjarðar-, Þingeyjar- og Múlasýslur</b>	<b>Skaftafells-sýslur, Árnes- og Rangárvallasýslur</b>	<b>Samtals</b>
<b>Áætlaðar gistinætur</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>	<b>Þúsund</b>
2005	456	729	1.185
2012 þjóðgarður	661	1.144	1.805
2012 ekki þjóðgarður	592	1.057	1.649
Viðbót vegna þjóðgarðs	69	87	156
<b>Áætluð útgjöld</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>	<b>Milljónir</b>
2005	3.420	5.467	8.887
2012 þjóðgarður	4.957	8.580	13.537
2012 ekki þjóðgarður	4.440	7.927	12.367
Viðbót vegna þjóðgarðs	517	653	1.170

Samkvæmt þessu aukast útgjöld erlendra ferðamanna á áhrifasvæði þjóðgarðsins árið 2012 um 1,2 milljarða með tilkomu hans umfram það sem annars hefði verið.

Miðað við þessar spár verða útgjöld ferðamanna, innlendra sem erlendra, á áhrifasvæði þjóðgarðsins um 1,5 milljörðum meiri á árinu 2012 en annars hefði verið.

## 5.4 Möguleg áhrif innan þjóðgarðsmarka

Ef af Vatnajökulspjóðgarði verður má áætla að gestir í þjóðgarðinn verði orðnir 300-320 þúsund árið 2012, þar af um 70% erlendir ferðamenn, en að þeir verði 260-270 þúsund á sama svæði ef ekki verður af stofnun hans.



Í Mývatnssveit, en þar er fyrirhugað að ein af gestastofum Vatnajökulspjóðgarðs verði staðsett.

<sup>22</sup>. Vitað er að meðalútgjöld erlendra ferðamanna eru í kringum 10 þúsund á gistinótt að jafnaði og að þau eru nokkru lægri meðal ferðamanna á landsbyggðinni en meðal fólks sem einkum dvelur á hótélum á höfðuðborgarsvæðinu eða meðal ráðstefnugesta, svo dæmi séu tekin.

## 6.0 Vatnajökulspjóðgarður 2020

Það er stutt til ársins 2012. Ekki síst þegar gerð er tilraun til að meta áhrif af stærsta þjóðgarði í Evrópu á íslenska ferðapjónustu og þjóðarbú. Þjóðgarði sem ætlað er að verða eitt helsta aðdráttarafl Íslands um ókomna tíð og áform eru um að stækka enn frekar. Hvernig gæti staðan t.d. verið að 15 árum liðum miðað við áður nefndar forsendur um metnaðarfulla uppbyggingu þjóðgarðsins og fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands vegna hans?

Miðað við 7% árlega fjölgun erlendra ferðamanna til Íslands verða þeir um 1.020 þúsund árið 2020 (um milljón) og gjaldeyristekjur af þeim 95-100 milljarðar króna á núvirði. Ef fjölgunin verður hins vegar 8% að jafnaði frá 2009 (minni aukning 2007-2009) vegna öflugs Vatnajökulspjóðgarðs verða erlendir ferðamenn hins vegar um 1.150 þúsund árið 2020 eða um 130 þúsund fleiri en ella og gjaldeyristekjur af þeim 11-13 milljörðum hærri en annars hefði orðið.

En það eru ótalmörg "ef" í þessum áætlunum og spádómum. Kjarni málsins er að standa eins vel og mögulegt er að uppbyggingu, stækkun, markaðssetningu og rekstri Vatnajökulspjóðgarðs og allri þjónustu innan hans og í næsta nágrenni. Gera jafn vel og best þekkist erlendis. Þá eru talsverð líkindi á að spá í þessa veruna geti ræst. Annars ekki. Það hangir mikið á spýtnu, s.s. ímynd lands og þjóðar.



Séð yfir farveg Skaftár við Langasjó. Verður þetta svæði innan Vatnajökulspjóðgarðs árið 2020?